

Styrktarsamningur

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Fjölsmiðjan, kt. 660601-2790, í samningi þessum nefndur styrkþegi, gera með sér svofelldan samning um styrk til reksturs Fjölsmiðjunnar.

1. Verkefni

- 1.2 Helstu markmið með rekstri styrkþega eru að veita nemendum á framhaldsskólaaldri, 16-20 ára, sem eru ekki í skóla aðstoð og þjálfun svo þeir fái atvinnu eða fari aftur í skóla.

2. Forsendur samnings og lagaheimildir

- 2.1 Samningur þessi tekur til 12 m.kr. styrks sem ráðuneytið ráðstafar með heimild í fjárlögum 2011. Frekari framlög eru háð fjárveitingum í síðar útgefnum fjárlögum og ráðstöfunarheimild ráðuneytis yfir þeim. Verði fé ekki veitt í fjárlögum skapar það styrkþega ekki bótarétt gagnvart ríkissjóði.
- 2.2 Styrkþegi skal starfa í samræmi við lög og reglugerðir sem eiga við um starfsemi sem samningur þessi tekur til.

3. Ábyrgð styrkþega

- 3.1 Styrkþegi ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til, að fullnægt sé kröfum um fagmennsku og gæði og geti lagt fram gögn og skýrslur því til staðfestingar.
- 3.2 Styrkþegi ber ábyrgð á þeim skuldbindingum sem hann eða aðilar á hans vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 3.4 Styrkþega er óheimilt að:
 - 3.4.1 Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
 - 3.4.2 Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

4. Fjárhagsleg samskipti

- 4.1 Ráðuneytið greiðir styrkþega árlegt framlag sem hér segir:
 - 4.1.1 Í tvennu lagi fyrir lok júní og fyrir lok desember.
- 4.2 Styrkþega ber að skila ráðuneytinu:
 - 4.2.1 Áætlun um áformaða ráðstöfun styrkfjárhæðar á árinu fyrir lok janúar mánaðar.
 - 4.2.2 Fyrir lok marsmánaðar 2012 skal styrkþegi senda ráðuneytinu ársreikning ársins á undan.



5. Bókhald og fjárreiður

- 5.1 Eigi styrkþegi í viðskiptum við lögaðila sem hann á eignarhlut í eða er í eigu fjárhagslega tengdra aðila svo sem stjórnenda hans, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi styrkþega.

6. Almenn upplýsingagjöf, samskipti og eftirlit

- 6.1 Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 6.2 Fulltrúar ráðuneytisins boða fulltrúa styrkþega að lágmarki á einn formlegan fund á ári um samninginn.
- 6.3 Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal styrkþegi skila ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins, hver staða verkefnis er og hvernig styrknum var ráðstafað.
- 6.4 Styrkþega ber að skila ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.
- 6.5 Styrkþegi skal veita ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins og upplýsingar sem ráðuneytið þarf á að halda til að meta hvort styrkþegi hefur næga faglega og fjárhagslega getu til að uppfylla skyldur samkvæmt samningnum. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum hjá styrkþega sem máli skipta, þar á meðal fundargerðum, skrám, fylgiskjölum, skýrslum, bókum og bréfum.
- 6.6 Ráðuneytinu er heimilt að birta samning þennan, ársreikning, greinargerð um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur á vef sínum.

7. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 7.1 Styrkþega er skylt að tilkynna ráðuneytinu tafarlaust ef hann telur vafa leika á um að hann geti uppfyllt lagalegar forsendur samningsins eða aðrar þær skyldur sem samningur þessi kveður á um. Jafnframt skal hann greina ráðuneytinu frá til hvaða úrræða hann hyggst grípa.
- 7.2 Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja styrkþega um greiðslur uppfylli hann ekki skilmála og skyldur í samningi þessum.
- 7.3 Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 7.4 Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

8. Gildistími og lok samnings

- 8.1 Samningurinn gildir frá 1. janúar 2011 til 31. desember 2011.
- 8.2 Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.




1000

- 8.3 Valkvætt: Óski annar hvor samningsaðila að semja um áframhald eftir gildistíma samningsins skal hann koma því á framfæri fyrir lok febrúar það ár sem samningurinn rennur út.
- 8.4 Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með mánaðar fyrirvara.
- 8.5 Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, 14. júní 2011



F.h. mennta- og menningarmálaráðherra



F.h. Fjölsmíðjunnar